

Sp. 418. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]
um framhald hvalveiða við Ísland.

Flm.: Jón Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sækja nú þegar um undanþágu frá samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða, sem gildi á að taka árið 1986, með það fyrir augum að hvalveiðar haldi áfram við Ísland undir vísindalegu eftirliti og með skynsamlegri stjórn.

Greinargerð.

Með ályktun Alþingis 2. febrúar 1983 var samþykkt að mótmæla ekki af Íslands hálfu samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða sem kunngerð hafði verið með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. september 1982 og taka skal gildi frá og með árinu 1986.

Um hvalveiðar hafa á seinni árum verið mjög skiptar skoðanir manna á meðal. Hafa náttúruverndarmenn haft sig mjög í frummi um vernd hvalastofna og algjöra stöðvun veiða. Hefur barátta þeirra í þessum borði greinilegan árangur sem m. a. kemur fram í samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins. Á öðrum sviðum hefur barátta þeirra og borði árangur svo sem við verndun og takmörkun veiða á selum. Hafa afleiðingar þessa bitnað á þjóðum sem að mismiklum hluta hafa átt afkomu sína undir þessum veiðum. Að mati flutningsmanns hafa sjónarmið náttúruverndarmanna þó oft fremur mótast af tilfinningum en markvissum rökum og vísindalegum athugunum.

Rannsóknir á hvólum hér við land hafa átt sér stað um langt skeið. Rannsóknir hafa á undanförunum áratugum verið að miklu leyti í höndum samstarfsaðila Haf-rannsóknastofnunar, en á síðari árum nær algerlega færst í hendur Íslendinga sjálfra. Gefa vísindalegar athuganir ekki tilefni til að ætla að hvalastofnar við Ísland séu í hættu vegna ofveiði. Benda vísindalegar rannsóknir fremur til að veiðarnar hafi á seinni árum verið stundaðar af fyrirhyggju og skynsemi. Haldi veiðar áfram ætti því ekki að vera hætta á að breyting verði hér á.

Á Alþingi hefur yfirleitt verið reynt að stuðla að því að atvinnustarfsemi, sem fyrir er, eflist og styrkist en ekki að úr henni sé dregið og hún jafnvel aflögð. Er samþykkt Alþingis frá 2. febrúar 1983 sérstök að þessu leyti því að komi til algjörs hvalveiðibanns leggst niður starfsemi fyrirtækis sem rekið hefur verið með ágætum frá 1948. Fyrirtækið hefur veitt fjölda manns atvinnu, síðast liðið sumar um það bil 200 manns, en þá voru gerðir út þrjár hvalbátar í stað fjögurra árið áður. Störfuðu 45 manns á hvalbátum en um 155 manns í hvalstöðinni í Hvalfirði og fyrirtæki Hvals hf. í Hafnarfirði. Til viðbótar starfsemi Hvals hf. eru stundaðar hrefnuveiðar hér við land á nokkrum stöðum sem veita atvinnu og skapa tekjur.

Loks er þess að geta að hlutur hvalafurða árið 1983 er talinn nema tæpu 1,6% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Það er illt að verða af slíkum tekjum við minnkandi sjósókn og aflamagn í sjávarútvegi.

Þar sem takmörkun eða bann Alþjóðahvalveiðiráðsins á að taka gildi árið 1986 sem ekki er svo langt undan og ljóst er að allar undanþágur þarf að sækja með viðræðum og fundahöldum sem óhjákvæmilega taka sinn tíma er þessi tillaga flutt nú. Er með henni vænst að tekið verði á þessum málum nú þegar enda miklir hagsmunir í húfi, ekki aðeins fyrir þá einstaklinga, sem eiga atvinnu sína undir þessum veiðum, heldur einnig sveitarfélög þau, sem hlut eiga að máli, og síðast en ekki síst ríkissjóð vegna útflutningstekna.